



**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík**

Reykjavík, 23. mars 2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýralækna, heilbrigðisþjónustu við dýr (eftirlit, upplýsingagjöf) . 330. mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hefur borist til umsagnar frumvarp til breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna, heilbrigðisþjónustu við dýr (eftirlit, upplýsingagjöf) og gera eftirfarandi athugasemdir.

Samtökin hafa fengið til skoðunar sameiginlega umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu, dags. 21. mars 2018. Samtökin geta tekið undir þá umsögn en til viðbótar áréttað eftirfarandi.

Í umsögn samtakanna til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2017, vegna frumvarpsdraganna sem þá voru í smíðum, var fjallað um frammistöðuflokkun fyrirtækja og opinbera birtingu slíkra upplýsinga. Þar var þeirri athugasemd komið á framfæri að réttast væri að ný fyrirtæki í framleiðslu sem hafi hlotið viðkomandi leyfi byrji í efsta flokki. Íþyngjandi verður að teljast að ný fyrirtæki fá strax í upphafi lakari flokkun.

Í athugasemdum sem fylgja 1. gr. frumvarpsins segir að „ný fyrirtæki byrji í B-flokki, sem felur í sér hefðbundið eftirlit með matvælafyrirtækjum“. Samtökin leggja enn til að þessu verði breytt og ný fyrirtæki hefji starfsemi í A-flokki og þá fari eftir viðkomandi reglum og eftirliti hvort þau falli niður um flokk. Eflaust væri einfalt að koma því í kring að strax í upphafi yrði tíðni eftirlitsheimsóknna nýrra fyrirtækja í framleiðslu meiri en ella.

Varðandi opinbera birtingu upplýsinga þá leggjast samtökin ekki gegn slíkri birtingu en leggja áherslu á að huga þarf vel að allri samræmingu og hlutlægni í mælikvörðum og eftirliti. Þá er í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu vísað til opinberrar birtingar í formi broskallakerfis að danskri fyrirmynd og er það í samræmi við fyrri athugasemdir samtakanna.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til að mæta á fund nefndarinnar og ræða þessar athugasemdir nánar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi


Guðbergur Rúnarsson


Jón Kristinn Sverrisson